

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2015, mánudaginn 14. desember kl. 15:00 var haldinn 225. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn í Stöðvarstjórastjórnarskrárhúsinu í Elliðaárdal. Fundinn sátu: Haraldur Flosi Tryggvason, Gylfi Magnússon, Kjartan Magnússon, Brynhildur Davíðsdóttir, Áslaug M. Friðriksdóttir, Valdís Eyjólfsdóttir og Björn Bjarki Þorsteinsson. Einnig sátu fundinn Bjarni Bjarnason, forstjóri og Guðmundur I. Bergþórsson, innri endurskoðandi. Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Petta gerðist:

1. Fundargerðir SF 223 og SF 224 staðfestar og undirritaðar.
2. Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála, kynnti stöðu fjármála. Áhættuskýrsla, dags. 30.11.2017 lögð fram og kynnt, sem og rekstraryfirlit fyrir janúar til október 2015.
3. Sólrún Kristjánsdóttir, starfsmannastjóri lagði fram og kynnti kjarasamning viðskipta- og hagfræðinga. Samningurinn borinn upp og samþykktur samhljóða.
4. Þau Ólafur B. Kristinsson, Inga Björg Hjaltadóttir, Ingvar Garðarsson og Sunna Jóhannsdóttir, sem skipa endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar mættu til fundarins og kynntu hlutverk og störf nefndarinnar.
5. Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets og Sverrir Jan Norðfjörð, framkvæmdastjóri þróunar og tækni Landsnets, mættu til fundarins og kynntu drög að kerfisáætlun fyrirtækisins. Umræður.
6. Starfsáætlun stjórnar fyrir árið 2015 lögð fram.
7. Tillaga að breytingu á starfsreglum stjórnar lögð fram.
8. Drög að jafnréttisstefnu lögð fram.
9. Drög að stefnu um samfélagsábyrgð lögð fram.
10. Drög að breyttri heildarstefnu lögð fram.
11. Önnur mál.
 - Upplýsingar um vinnudag í Kaupmannahöfn, sem óskað var eftir á SF223 lagðar fram.
 - Upplýsingar um kaup Veitna á mælum, sem óskað var eftir á SF223 lagðar fram.
 - Kjartan Magnússon og Áslaug M. Friðriksdóttir lögðu fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir greinargerð um fráveitumál á starfsvæði Orkuveitunnar þar sem m.a.komi fram upplýsingar um ástand skólplagna eftir hverfum, bæði lagna í eigu OR, sem og í einkaeigu, eftir því sem þær upplýsingar eru tiltækar. Hvernig hefur verið staðið að viðhaldi og endurnýjun á skólplögnum fyrirtækisins frá aldamótum (árleg framlög og staðsetning) og hvaða lagnir er fyrirhugað að endurnýja á næstu árum? Eru vísbendingar um að ástandi skólplagna hafi hrakað í eldri hverfum og að það hafi óæskilegar afleiðingar í för með fjölgun rottna og annarra meindýra?

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 16:45.

Haraldur Flosi Tryggvason

Áslaug M. Friðriksdóttir
Brynhildur Davíðsdóttir
Kjartan Magnússon

Björn Bjarki Þorsteinsson
Gylfi Magnússon
Valdís Eyjólfsdóttir